

Samkomulag

um breytingu á kjarasamningi Félags opinberra starfsmanna á Vestfjörðum og Orkubús Vestfjarða ohf.

1. gr.

Samkomulag þetta byggir á lið 2.1.2., 3.1.2 og bókun 19.1. í kjarasamningi með gildistíma frá 1. desember 2018 til 31. janúar 2023. Samkomulagið gildir frá 1. janúar 2021.

2. gr.

Vinnuvika starfsmanna skal vera 36 stundir (virkur vinnutími).

3. gr.

Vinnutími starfsmanna á aðalskrifstofu á Stakkanesi mánudaga-fimmtudaga er frá kl. 8:00 til kl. 16:00 þ.m.t. 30 mínútur í matarhlé sem telst ekki til vinnutíma. Á föstudögum er vinnutími frá kl. 8:00 til kl. 14:15 þ.m.t. 15 mínútur í neysluhlé sem telst ekki til vinnutíma.

4. gr.

Vinnutími starfsmanna vinnuflokka mánudaga-fimmtudaga er frá kl. 8:00 til kl. 16:30 þ.m.t. 30 mínútur í matarhlé sem telst ekki til vinnutíma. Á föstudögum er vinnutími frá kl. 8:00 til kl. 12:00.

Matartími/neysluhlé á föstudögum er felldur niður í samræmi við grein 3.1.2 í kjarasamningi. Velji starfsmenn að taka matarhlé í hádeginu á föstudegi telst það ekki virkur vinnutími og er því ekki greitt.

5. gr.

Grein 3.1.3 í kjarasamningi verður óvirk. Varðandi stuttar pásur í vinnutíma er farið eftir gildandi lögum og reglum um vinnuvernd.

6. gr.

Öryggisvaktir hefjast að loknum dagvinnutíma vaktmanns. Starfsmaður getur þó aldrei verið samtímis á öryggisvaktarlaunum og á yfirvinnukaupi.

7. gr.

Lágmarksorlof frá og með 1. maí 2021 skal vera 216 vinnuskyldustundir (30 dagar) miðað við fullt ársstarf. Starfsmaður, sem hefur unnið hluta af fullu starfi eða hluta úr ári skal fá orlof 18 vinnuskyldustundir fyrir fullt mánaðarstarf. Við 15 ára starfsaldur eða 50 ára aldur fær starfsmaður að auki orlof sem svarar til 21,6 vinnuskyldustunda í dagvinnu.

Breytingin hefur áhrif á grein 4.1.1 í kjarasamningi þar sem 240 vinnuskyldustundir breytist í 216 og 20 vinnuskyldustundir breytast í 18. Þá hefur breytingin samsvarandi áhrif á grein 4.4.2 þar sem 240 vinnuskyldustundir breytast í 216.

8. gr.

Reikna skal áunnið orlof þ. 31. 12. 2020 í vinnustundum í orlofsdaga á árinu 2021 eða síðar með því að deila með 40 og margfalda með 36. Þannig á starfsmaður jafn marga orlofsdaga inni frá og með 1. Janúar 2021 og hann átti 31. 12. 2020.

9. gr.

Föst yfirvinna verður færð inn í föst laun þannig að föst yfirvinna pr. mánuð minnkar um allt að 9,75 klst., en í staðinn kemur launaflokkahækkun um 3 launaflokka.

Ísafirði, 7. júní 2021

F.h. F.O.S.Vest




F.h. Orkubús Vestfjarða ohf.


